



FRÉTTABRÉF BSSL

Á DÖFINNI:

Á döfinni:

Hautfundir LK á Suðurlandi

- Þingborg,
13. október kl. 20.30
- Heimaland,
20. október kl. 20.30
- Kirkjubæjarklaustur 21.
október kl. 20.30
- A.-Skaft.
22. október kl. 20.30

EFNI BRÉFSINS:

Kúasýningin KÝR 2008.....	2
Greiðslumark mjólkur	3
Un 12.000 gestir á Landbúnaðarsýningu	3
Myndir frá Landbúnaðarsýningu	4-5
Útflutningsskylda dillkakjöts verður 28%	6
Hautstörfin í sauðfjárrækt 2008.....	6-8

Framlög til kornræktar

Í búnaðarlagasamningi Bændasamtaka Íslands og ríkisins er ákvæði um framlög til kornræktar. Framlag fæst greitt ef korn er ræktað til þroska á tveim hekturum hið minnsta. Framlag getur verið allt að 20.000 kr. á hvert bú sem ræktar tvo ha. af korni eða meira og einnig 10.000 kr. fyrir hvern ha. sem korn er þreskt af.

Sett er sem skilyrði fyrir styrkveitingu að sáð sé yrki sem viðurkennt er að nái þroska hér á landi og að vorkorni sé sáð fyrir 20. maí. Kornbændur þurfa að leggja fram viðurkennt tunkort eða málsettan uppdrátt (teikningu eða loftmynd) af ræktunarlöndinu eftir að sáð hefur verið.

Umsókn til búnaðarsambands um úttekt að hausti jafngildir umsókn um styrk.

Framlög til grænfóðurs og grasræktar

Athygli bænda er vakin á því að ákveðnum fjármunum verður varið til gras- og grænfóðurræktar vegna þessa ræktunarárs. Fjármagnið kemur úr samningi um starfsskilyrði sauðfjárræktar og samningi um starfsskilyrði mjólkurframleiðslu sem m.a. er ætlað til eflingar í jarðrækt. Til ráðstöfunar fyrir þetta ræktunarár koma rúmar 55 milljónir kr. fyrir allt landið.

Umsóknir og afgreiðsla þeirra verður með sama hætti og gert er í þróunar- og jarðabótaverkefnum samkvæmt búnaðarlagasamningi.

Framlag fæst til sáningar þar sem tún- og grænfóðurrækt er ætluð til fódurframleiðslu eða beitar samtals á a.m.k. tveimur ha. Uppskera er kvöð. Ráðunautur sannreynir hvort um sé að ræða góða hefðbundna tún- eða grænfóðurrækt. Framlag á ha fyrir hvert bú ræðst af umfangi ræktunar á landinu, en gert er ráð fyrir að það verði 14.000 kr á hvern ha upp að 30 ha ræktun, en skerðist á hvern ha ef fjármunir hrökkva ekki til. Ef afgangur verður deilist hann á alla ræktaða hektara. Aðeins er greitt út á heila ha og venjulegar reglur um upphækkunir gilda.

Umsókn til Búnaðarsambands um úttekt að hausti jafngildir umsókn um styrk.

Við bendum mönnum á að frestur til að óska eftir úttekt á unnum þróunarverkefnum og /eða jarðabótum 2008 er til loka september 2008. Hægt er að óska eftir úttekt á þar til gerðu eyðublaði sem er að finna á heimasíðu Búnaðarsambandsins www.bssl.is eða með því að hafa samband við skrifstofuna í síma 480 1800.

Kúasýningin KÝR 2008

Kúasýningin KÝR 2008 var sem kunnugt er hluti af Landbúnaðarsýningunni á Hellu sem fram fór dagana 22.-24. ágúst s.l. Líkt og á undanförunum kúasýningum var keppt í fjórum flokkum; börn og unglingar sýndu kálfa í tveimur flokkum, þ.e. sýnendur 11 ára og yngri og svo 12 ára og eldri. Kýrnar voru sýndar í tveimur flokkum; 1. kálfs kvígur og mjólkurkúr. Í barna- og unglingsflokkunum var sá háttur hafður á að undanúrslit voru á föstu- og laugardegi og komust fimm efstu í hvorum flokki í úrslit sem voru á sunnudegi.

Að þessu sinni komu gripir vel undirbúnir til leiks og var um mjög jafna og spennandi keppni að ræða. Sérstaklega voru kálfar vel til hafðir, snyrtir og mikið hafði verið lagt í tamningu þeirra.



Hjalti Sigurðsson með Gullbrá frá Raðholtum sem varð efst í flokki sýnenda 12 ára og eldri auk þess að vera valin gripur sýningarinnar.



Efstu sýnendur og kálfa í flokki 11. Ára og yngri, talið f.v.: Eyrún Gautadóttir og Svansý, Hólmar Höskuldsson og Abbadís, Hannes Höskuldsson og Stöð tvö, Elís Arnar Jónsson og Rönd og Sigurður Andri Jóhannesson og Fröken.

Í stuttu máli urðu úrslit eftirfarandi:

Kálfa, sýnendur 11 ára og yngri

1. Fröken 1111, Stóra-Ármóti - Sýnandi: Sigurður Andri Jóhannesson - 88 stig
2. Rönd 269, Dalbæ - Sýnandi: Elís Arnar Jónsson - 85 stig
3. Stöð tvö 1112, Stóra-Ármóti - Sýnandi: Hannes Höskuldsson - 84 stig
4. Svansý 448, Læk - Sýnandi: Eyrún Gautadóttir - 81 stig
5. Abbadís 1113, Stóra-Ármóti - Sýnandi: Hólmar Höskuldsson - 80 stig

Kálfa, sýnendur 12 ára og eldri

1. Gullbrá 551, Raðholt - Sýnandi: Hjalti Sigurðsson - 94 stig
2. 763, Selalæk - Sýnandi: Sesselía Söring Þórisdóttir - 90,5 stig
3. Hetta 408, Púfu - Sýnandi: Eygló Arna Guðnadóttir - 90 stig
4. Undra 552, Raðholt - Sýnandi: Helga Sunna Sigurjónsdóttir - 89 stig
5. Prúður 525, Egilsstaðakoti - Sýnandi: Árni Guðmundsson - 85 stig

1. kálfs kvígur

1. Von 336, Púfu - Sýnandi: Theodóra Jóna Guðnadóttir - 90,1 stig
2. Brella 135, Dalbæ - Sýnandi: Jón Viðar Finnsson - 88,6 stig
3. Ör 332, Púfu - Sýnandi: Eygló Arna Guðnadóttir - 88,5 stig
4. 186, Stóru-Hildisey 2 - Sýnandi: Guðrún Ósk Jóhannsdóttir - 87,1 stig
5. Budda 564, Pverlæk - Sýnandi: Kristinn Guðnason - 86,4 stig
6. Sigga 173, Dalbæ - Sýnandi: Björgvin Viðar Finnsson - 82,7 stig

Mjólkurkúr

1. Gæla 096, Dalbæ - Sýnandi: Björgvin Viðar Jónsson - 90,9 stig
2. Brydding 505, Pverlæk - Sýnandi: Kristinn Guðnason - 90,0 stig
3. Silvía Nótt 602, Selalæk - Sýnandi: Þórir Jónsson - 89,0 stig
4. Skák 1016, Stóra-Ármóti - Sýnandi: Höskuldur Gunnarsson - 88,4 stig

Besti gripur sýningarinnar var síðan valin Gullbrá 551, Raðholt - Sýnandi: Hjalti Sigurðsson.

Landssamband kúabænda gaf öll verðlaun og færur við þeim bestu þakki fyrir. Jafnframt vill Búnaðarsambandið koma á framfæri þökkum til þeirra sem að sýningunni komu, þ.e. sýnendum, starfsfólki og gestum.

Greiðslumark mjólkur verðlagsárið 2008-09 er 119 milljónir lítra

Þann 1. september s.l. hófst nýtt verðlagsár hjá mjólkurframleiðendum. Greiðslumark mjólkur á þessu nýja verðlagsári hefur verið ákveðið 119 milljónir lítra sem er aukning um 2 milljónir lítra frá nýliðnu verðlagsári. Aukningin nemur 1,0171% og virkar sem flöt aukning á alla greiðslumarkshafa.

Tekjur mjólkurframleiðenda munu þó ekki aukast sem þessu nemur því í núgildandi mjólkursamningi var kveðið á um útgjöld ríkissjóðs fyrir hvert framleiðsluár sem samningurinn gildir. Samningurinn er þó verðtryggður. Hins vegar eykst það magn mjólkur sem afurðastöð ábyrgist fullt verð um tvær milljónir lítra milli verðlagsára

Beingreiðslur fyrir þetta verðlagsár voru þannig ákveðnar 3.299 milljónir króna sem miðuðust við grunnvísitölu 230,0 stig þann 1. janúar 2004. Vísitala nýliðins ágúst mánaðar var 312,8 stig sem þýðir að beingreiðslur í upphafi verðlagsársins eru 4.487 milljónir króna sem skiptast munu milli mjólkurframleiðenda í takt við greiðslumark hvers og eins.

Líkt og áður skiptast beingreiðslurnar í A, B og C greiðslur. Til að fá óskerta A-greiðslu þarf mjólkurframleiðandi að framleiða að lágmarki 90% af greiðslumarki sínu.

Auk beingreiðslna munu 132 milljónum verða varið í óframleiðslutengdan stuðning með eftirfarandi hætti:

- Eingreiðsla á greiðslumark, 46,2 milljónir sem greiðast út á greiðslumark til mjólkurframleiðenda til samræmis við greiðslumark mjólkur þann 1. september 2008.
- Um 34 milljónum mun verða varið til kynbótaverkefna.
- Um 41 milljón mun verða varið til að styrkja gras- og græn fóðurverkefni skv. reglum Bændasamtaka Íslands
- Um 11 milljónum króna mun verða varið til rannsóknar- og/eða þróunarverkefna í nautgripærkt.

Fjármunir skv. liðum b-d eru greiddir til Bændasamtaka Íslands við upphaf verðlagsársins og munu samtökin annast úthlutun fjármunanna.



Um 12.000 gestir komu á Landbúnaðarsýninguna

Um 12.000 manns lögðu leið sína á Landbúnaðarsýningu og Töðugjöld á Hellu helgina 22.-24. ágúst s. l. og er óhætt að segja að mætingin hafi farið fram úr björtustu vonum en gert hafði verið ráð fyrir 5.000-8.000 gestum. Gestir komu hvaðanæva að af landinu, úr þéttbýli jafnt sem dreifbýli, ungir sem aldnir. Sumir komu jafnvel lengra að, t.d. stór hópur grænlenkra bænda sem brá sér til Íslands gagngert til að skoða Landbúnaðarsýninguna.

Jóhannes Hr. Símonarson, framkvæmdastjóri Landbúnaðarsýningarinnar, segir sérstaklega ánægjulegt að fólk hafi ekki látið votviðrið á sig fá og er alsæll með mætinguna og stemninguna: „Sýningin gekk ljómandi vel og gestir hæstánægðir. Ég vil fyrir hönd Búnaðarsambands Suðurlands þakka kærlega öllum þeim sem lögðu hönd á plóg; metnaðarfullum sýndum, frábæru starfsfólki, dyggum samstarfsaðilum og hinum fjölmörgu gestum sem gerðu Landbúnaðarsýninguna og Töðugjöldin að ógleymanlegum viðburði.“

Landbúnaðarsýningin var haldin í tilefni af 100 ára afmæli Búnaðarsambands Suðurlands.



LANDBÚNADARSÝNINGIN
HELLU





Hauststörfin í sauðfjárrækt 2008

Hauststörfin í sauðfjárrækt á vegum Búnaðarsambands Suðurlands eru nú þegar farin af stað. Dagskrá haustsins er birt hér með fyrirvara um hugsanlegar breytingar. Sýningarhaldið er með svipuðu sniði og undanfarin ár, þ.e. að í þeim sveitum þar sem leyft er að komið sé saman með fé verða samsýningar. Jafnframt verður boðið upp á að þeir sem ætla að láta skoða 20 gimbrar eða færri geta komið með þær á sýningarstað en til að tímaplön standist þarf að panta þær gimbraskoðanir sem aðrar í tíma hjá Búnaðarsambandinu. Sýningarstarf verður skipulagt í samráði við formenn/forráðamenn fjárræktarféлага/svæða á hverjum stað, hvort sem um samsýningar er að ræða eður ei og er vonast til að það samstarf gangi vel líkt og verið hefur undanfarin ár. Eins og undanfarin ár verður áhersla lögð á lambaskoðanir.

Útflutningsskylda dilkakjöts verður 28%

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra hefur, að fengnum tillögum Bændasamtaka Íslands, ákveðið að útflutningshlutfall kindakjöts af fé sem slátrað verður árin 2008-2009, verði 28% á dilkakjöti. Engin útflutningsskylda er á kjöti af fullorðnu fé. Útflutningsprósentan sem sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra staðfestir nú er sú sama og Markaðsráð kindakjöts og Bændasamtökin lögðu til fyrir í sumar.

Útflutningsskyldan styðst við heimild í búvörulögum og það er landbúnaðarráðherra sem tekur endanlega ákvörðun um hvert hlutfallið skuli vera. Þetta er í síðasta skiptið sem útflutningsskylda er ákveðin en heimild til þess fellur niður 1. júní 2009. Eftir þann tíma verður það alfarið mál bænda og afurðastöðva hvernig staðið verður að útflutningi. Hingað til hafa erlendir markaðir fyrir lambakjöt skilað bændum, að jafnaði, lægra verði en innanlandsmarkaður.

Útflutningshlutfallið felur í sér að bændur skuldbinda sig til að selja ákveðið hlutfall framleiðslunnar úr landi. Ef dilkakjötsframleiðslan í ár verður með svipuðum hætti og í fyrra, eða um 7.700 tonn, má ætla að útflutningur nemi rúmum 2.100 tonnum. Ef meðalútflutningsverð er 305 pr. kg, þá fá bændur um 650 milljónir króna í sinn hlut.

Á meðan skoðað verður eftir skipulagðri dagskrá geta bændur ekki búist við því að hægt sé að skoða lömb hjá þeim utan þess dags sem skipulagður er á þeirra svæði.

Til að afköst verði sem best við sauðfjárskoðanir þarf aðstaða að vera þannig að dómar gangi sem greiðlegast fyrir sig. Helstu atriði sem þurfa að vera í lagi eru eftirfarandi:

- Hafa ætterni lamba á hreinu, númer föður og nafn og númer móður.
- Þeir sem eru í skýrsluhaldi sauðfjárræktarféлага að hafa upplýsingar um fjárræktarfélagsnúmer veturgamalla hrúta og ætterni þeirra (númer og nafn föður og númer móður).
- Gott er að búið sé að vigta lömb og veturgamla hrúta sem koma á með til dóms ef kostur er. Það sparar mannskap og tíma og minnkar hávaða.
- Hafa sterka og hreina grind eða plötu undir ómsjá og festa vel á jötubönd.
- Hafa aðstöðu fyrir ritara og gott ef búið er að útvega ritara fyrir sýningu.
- Hafa framlengingarsnúru tilbúna og í lagi.
- Gott ljós er nauðsynlegt til að hægt sé að meta ullina.
- Stóla, kassa eða fötur til ásetu fyrir ritara og ómmælingarmann. Ágætt að hafa einnig sæti fyrir þann sem heldur í þegar lömb eru skoðuð.
- Hafa sem flesta starfsmenn við fjárskoðunina, a.m.k. 2 menn að draga og halda í og 1 ritara. Þetta er ekki síður nauðsynlegt þar sem farið er heim á bæi og tveir starfsmenn Búnaðarsambandsins eru við dómsstörf. Ef mjög fálíðað er heima á bæjum getur það seinkað dagsskipulagi og valdið því að komið er mjög seint á þá bæi sem endað er á þann daginn.

Lambhrútar:

Lambhrútar verða mældir og stigaðir líkt og undanfarin ár. Til að fá raunhæft úrval af ásetningshrútum er nauðsynlegt að koma með til dóms og mælinga þrisvar sinnum þann fjölda sem áætlaður er til ásetnings á hverju búi. Einnig er ágætt að fá sem flest lömb undan sæðingahrútum til dóms til að fá sem besta mynd af sæðingahrútunum sem lambsfeðrum. Líkt og undanfarin ár verður boðið upp á aukasýningar á lambhrútum á þeim svæðum sem óskað er, en nauðsynlegt er að vita í tíma hvenær henti best að halda þær á hverju svæði.

Á fundi sauðfjárræktarnefndar Búnaðarsambands Suðurlands sem haldinn var 12. ágúst síðastliðinn var samþykkt að þeir lambhrútar sem verða skoðaðir eftir 20. október verða ekki með í uppröðun fyrir bestu lambhrútabúin. Ástæðurnar eru þær að það getur verið mikill þroskamunur á milli lambhrúta sem dæmdir eru í september annarsvegar og lok október hinsvegar. Vel þroskaðir hrútar eru einnig oft farnir að leggja af eftir miðjan október nema þeir séu á því betri haga. Einnig tekur tíma að skrá dóma og vinna síðan úr

gögnunum til að raða hrútunum fyrir fundardagana og útbúa viðurkenningarskjöl og platta. Á sama fundi var einnig samþykkt að verðlauna 5 bú fyrir lambhrúta eins og síðastliðið haust. Samkvæmt því fyrirkomulagi fá öll 5 búin viðurkenningarskjöl en einungis 3 efstu búin fá verðlaunaplatta.

Í lok haustanna verða haldnir sauðfjárræktarfundir þar sem hauststörfin verða gerð upp í sauðfjárdómum, kynntir verða hrútar Sauðfjársæðingastöðvar Suðurlands, veittar viðurkenningar fyrir álitlegustu lambhrúta haustsins og eldri hrútum veittar viðurkenningar fyrir kynbótamat (BLUP).

Gimbraskoðanir:

Gert er ráð fyrir að framkvæma gimbraskoðanir samhliða hrútasýningum eins og hægt verður að koma fyrir. Reynt verður að skipuleggja þær skoðanir sem verða ekki á hrútasýningartímabilinu þannig að skoðunarmaður verði á ákveðnum svæðum á ákveðnum dögum. ÞESS VEGNA ER MJÖG MIKILVÆGT AÐ PANTA GIMBRASKOÐANIR TÍMANLEGA.

Æskilegt er að láta ómskoða fyrr en seinna á haustin og velja ásetning áður en haustbötun hefst. Með því móti er verið að velja bráðþroskuðustu einstaklingana til ásetnings. Einnig er þá hægt að láta vænstu lömbin strax í slátrun en bata þau lömb sem þurfa á því að halda. Hrutlömb þroskast seinna en gimbrar og því er yfirleitt meiri ávinningur að bata þá, þar sem gimbrum er hættara við fitusöfnun.

Afkvæmarannsóknir hrúta:

Afkvæmarannsóknir hrúta er einn af mikilvægari þáttum sauðfjárræktarinnar. Framleiðnisjóður landbúnaðarins hefur styrkt afkvæmarannsóknir hrúta í nokkur ár, en frá og með haustinu í haust kemur styrkurinn úr þeim hluta sauðfjár-samningsins sem fellur undir nýliðunar- og átaksverkefni. Ef bú uppfyllir skilyrði afkvæmarannsóknar kemur styrkurinn til lækkunar vinnu við ómmælingar og uppgjör afkvæmarannsóknarinnar. Skilyrði afkvæmarannsóknna hrúta eru eftirfarandi:

- Fjöldi afkvæmahópa þarf að vera að lágmarki 5 fyrir lægri styrkin og 8 fyrir hærri styrkin.
- Bú þarf að vera þátttakandi í skýrsluhaldi sauðfjárræktarfélaganna.
- Vorupplýsingum hafi verið skilað til Bændasamtaka Íslands til uppgjors sem fyrst eftir sauðburð og í síðasta lagi fyrir 20. ágúst.
- Fyrir hvern hrút í rannsókn þarf kjötmatsupplýsingar fyrir að lágmarki 10-12 afkvæmi.
- Í hverjum afkvæmahópi skulu ómmæld og stiguð að lágmarki átta lömb af sama kyni í öllum hópum.

Æskilegt er að hafa sem flesta hrúta í afkvæmarannsókn innan bús upp á að fá sem bestan samanburð. Að sjálfsögðu er hægt að gera upp rannsókn þar sem ekki nást 5 hrútar í rannsókn en þá kemur enginn styrkur til lækkunar á kostnaði

bónnda. Einnig getur bóndi látið gera upp svokallaða „minni afkvæmarannsókn“ en þá eru einungis notaðar kjötmatsupplýsingar og þarf bóndinn að koma þeim upplýsingum til Búnaðarsambandsins og óska eftir uppgjöri.

Veturgamlir hrútar:

Veturgamlir hrútar verða mældir og stigaðir fyrir þá sem þess óska. Veittar verða viðurkenningar fyrir þrjá stigahæstu veturgömlu hrútana í hverri sýslu úr einstaklingsdómi á haustfundunum í sauðfjárrækt.

Á fræðslufundum í sauðfjárrækt sem haldnir verða í mars/apríl 2009 verður veturgömlum hrútum veittar viðurkenningar fyrir sláturlömb. Viðurkenningar þessar eiga að vera hvati til bænda að nota lambhrúta strax á fyrsta ári á nokkrar ær og helst afkvæmprófa þá til að strax komi í ljós hvernig þeir reynast sem lambsfeður. Á fundi sauðfjárræktarnefndarinnar 16. ágúst 2007 var samþykkt að allir veturgamlir hrútar sem eigi 15 eða fleiri sláturlömb séu í valinu sem besta ræktunargripurinn og það er ekki skilyrði að hrútur fái einstaklingsdóm í haust. Til að hrútur komi til röðunar þarf að vera búð að skila skýrslum til Bændasamtaka Íslands og gögn borist til baka til Búnaðarsambandsins. Skilyrði er að hrúturinn hafi yfirburði á sínu bú í slátturniðurstöðum (kjötmatsseinkunn) og hafi a.m.k 100 í fallþungaeinkunn. Þrír efstu hrútarnir í hverri sýslu fá verðlaunaplatta og viðurkenningarskjöl.

Innheimta/gjaldskrá:

Innheimt verður fyrir alla sauðfjárdóma, það er fyrir skoðun á gimbrum, lambhrútum og veturgömlum hrútum. Á sam-sýningum verður innheimt eftir ákveðnum fjölda hrúta en ekki eftir tíma (sjá töflu 1). Gjaldskráin hækkar um 15% miðað við gjaldskrána haustið 2007.

Þar sem komið er heim á bæi verður gjaldskráin á þessa leið:

- Dómar á sauðfé heima á bæjum 5.750 kr/klst/starfsmann. 40% afsláttur er fyrir félagi í búnaðarfélagi / búnaðarsambandi
- Komugjald heim á einstaka bú 2.300 kr
- Lágmarksgjald (komugjald innifalið) 3.450 kr
- Styrkur er veittur þeim bændum sem taka þátt í afkvæmarannsókn hrúta, uppfylla skilyrði hennar og gögnum hefur verið komið til Búnaðarsambandsins í tíma. Að þessu sinni kemur styrkurinn úr þeim hluta sauðfjár-samningsins sem fellur undir nýliðunar- og átaksverkefni.

5-7 hrútar í prófun 5.000 kr
8 hrútar eða fleiri í prófun 10.000 kr

Á þeim bæjum sem skoðun fer fram samkvæmt dagskrá Búnaðarsambandsins er ekki innheimt komugjald.

Álag verður 50% ofan á gjaldskrá Búnaðarsambandsins þar sem óskað er sérstaklega eftir skoðunum um helgar eða á kvöldin.

Tafla 1. Verðskrá fyrir samsýningar, komugjald innifalið

Hrútar	Fjöldi	Verð, kr
	1-5	1.440
	6-10	2.880
	11-15	4.320
	16-20	5.760
	21-25	7.200
	26-30	8.640
	31-35	10.080
	36-40	11.520
	41-45	12.960
	46-50	14.400
	51-55	15.840
	56-60	17.280
Gimbrar	Fjöldi	Verð, kr
	1-10	1.730
	11-20	3.460

Ekki verður skoðað sauðfé hjá þeim sem eru í skuld við Búnaðarsamband Suðurlands og er viðkomandi aðilum bent á að gera upp við Búnaðarsambandið hið fyrsta.

Allt verð er gefið upp án virðisaukaskatts.

Pantanir:

Pantanir fyrir gimbraskoðanir og afkvæmarannsóknir hrúta þurfa að berast til Búnaðarsambands Suðurlands í síðasta lagi mánudaginn **15. september**. Mikilvægt er að panta lambaskoðanir í tíma til að hægt sé að skipuleggja og jafnframt anna öllum pöntunum á þeim tíma sem hentar sem flestum. Ef pöntun er gerð með mjög stuttum fyrirvara má búast við að ekki verði hægt að sinna henni.

Pantanir fara fram í sínum 480 1800 / 487 4818 / 893 0578 eða á netfangið thorey@bssl.is. Taka skal fram hentugan tíma og áætlaðan lambafjölda sem skoða á. Mikilvægt er að vanáætla ekki fjölda lamba um marga tugi í skoðun þar sem það getur valdið mikilli röskun á skipulagi þess dag.

Með von um áframhaldandi gott samstarf Sauðfjárrættarráðunautar Bssl.

DAGSKRÁ 2008			
Dagsetning		Svæði	Dómarar
Þriðjudagur	16. sep.	Öræfi (gsk)	PB/GMP
Miðvikudagur	17. sep.	Öræfi (gsk)	PB/GMP
Fimmtudagur	18. sep.	Öræfi (hr&gsk)	PB/GMP
Föstudagur	19. sep.	Vestur-Landeyjar (hr&gsk)	PB/GMP
Þriðjudagur	16. sep.	Stokkseyrarhreppur (hr&gsk)	ÓÖJ/ÁIK
Miðvikudagur	17. sep.	Ásahreppur (hr&gsk)	ÓÖJ/ÁIK
Fimmtudagur	18. sep.	Laugardalur (hr&gsk)	ÓÖJ/ÁIK
Föstudagur	19. sep.	Gaulverjabæjarhr./ (Eyrarbakki) (hr&gsk)	ÓÖJ/ÁIK
Mánudagur	22. sep.	Suðursveit (hr&gsk)	ÓÖJ/GMP
Þriðjudagur	23. sep.	Nes (hr&gsk)	ÓÖJ/GMP
Miðvikudagur	24. sep.	Austur-Eyjafjöll (hr)/Afk. Y.-Skógum	JVJ/PB/GMP
Fimmtudagur	25. sep.	Grímsnes (hr&gsk)	PB/ÓÖJ
Föstudagur	26. sep.	Fljótshlíð/Hvolhreppur (hr&gsk)	PB/GMP
Mánudagur	22. sep.	Austur-Landeyjar/Vestur-Eyjafjöll (hr)	ÁIK/HES
Þriðjudagur	23. sep.	Hvammshr./Dyrhólahr. (hr)	PB/ÁIK
Miðvikudagur	24. sep.	Pingvallasveit (hr&gsk)	ÓÖJ/ÁIK
Fimmtudagur	25. sep.	Rangárvallahreppur (hr&gsk)	ÁIK/GMP
Föstudagur	26. sep.	Villingaholtshreppur (hr&gsk)	ÓÖJ/ÁIK
Mánudagur	29. sep.	Kirkjubæjarhreppur (gsk)	PB/GMP
Þriðjudagur	30. sep.	Kirkjubæjarhreppur (hr)	PB/GMP
Miðvikudagur	1. okt.	Álftaver (hr&gsk)	PB/GMP
Fimmtudagur	2. okt.	Hörgslandshreppur (hr&gsk)	PB/GMP
Föstudagur	3. okt.	Meðalland (hr&gsk)	PB/GMP
Mánudagur	29. sep.	Hraungerðishreppur (hr&gsk)	ÓÖJ/HES
Þriðjudagur	30. sep.	Hraungerðishreppur (hr&gsk)	ÓÖJ/HES
Miðvikudagur	1. okt.	Hrunamannahreppur (hr&gsk)	ÓÖJ/ÁIK
Fimmtudagur	2. okt.	Hrunamannahreppur (hr&gsk)	ÓÖJ/ÁIK
Föstudagur	3. okt.	Holta-og Landsveit (hr&gsk)	ÓÖJ/ÁIK
Mánudagur	6. okt.	Gnúpverjahreppur (hr&gsk)	PB/ÓÖJ
Þriðjudagur	7. okt.	Skeiðahreppur (hr&gsk)	PB/ÓÖJ
Miðvikudagur	8. okt.	Biskupstungur (hr&gsk)	ÓÖJ/GMP
Fimmtudagur	9. okt.	Skaftártunga (hr&gsk)	PB/GMP
Föstudagur	10. okt.	Skaftártunga (hr&gsk)	PB/GMP
Mánudagur	6. okt.	Lón (hr&gsk)	ÁIK/GMP
Þriðjudagur	7. okt.	Mýrar (hr&gsk)	ÁIK/GMP
Miðvikudagur	8. okt.	Grafningur /Ölfus (hr&gsk)	PB/ÁIK
Fimmtudagur	9. okt.	Selvogur (hr&gsk)	ÓÖJ
Föstudagur	10. okt.	Mýrdalshreppur (gsk)	ÓÖJ/HES
Mánudagur	13. okt.		
Þriðjudagur	14. okt.		
Mánudagur	13. okt.		

Dagskrá er birt með fyrirvara um breytingar. Áætlaður tími er á hverjum stað með fyrirvara um breytingar.

hr=Hrútasýning gsk=Gimbraskoðun hr&gsk=Hrútasýning og gimbraskoðanir ef tími leyfir

Dómarar: ÁIK: Ágúst Ingi Ketilsson, GMP: Grétar Már Þorkelsson, HES: Halla Eygló Sveinsdóttir,

JVJ: Jón Viðar Jónmundsson, ÓÖJ: Óðinn Örn Jóhannsson og PB: Þórey Bjarnadóttir.